



Fundargerð stjórnar

15. fundur

Þriðjudaginn 3. desember 2008 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar og hófst fundur kl 10.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Gunnar Bragi Sveinsson, Vignir Kjartansson og Magnús B. Jónsson.

Á fundinum voru eftirfarandi málefni tekin fyrir:

1. Ársreikningur 2007.

Fyrir fundinum lá ársreikningur sem hafði verið endurskoðaður af Kristján Jónassyni KPMG. Helstu niðurstöður voru að rekstrargjöld námu 3.791.721 kr. Fjármagnsliðir námu 3.171 kr. og rekstrarniðurstaða var því 3.794.892 kr. Innborgað stofnfé nam 3.500.000 kr. Að teknu tillit til breytingu skammtímakrafna og skammtímaskulda hækkaði handbært fé um 277.915 frá fyrra ári og nam 1.010.793 kr í árslok.

Ársreikningurinn var samþykktur og áritaður af stjórnarmönnum.

2. Skipulagsmál.

Fyrir fundinum lá umhverfisskýrsla vegna meðhöndlunar- og urðunarstaðar og efnistöku í landi Sölvabakka. Skýrslan var unnin af verkfræðistofunni EFLA (áður Línuhönnun) vegna skipulagsgerðar aðalskipulags Blönduóssbæjar.

Skýrslan var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hana.

3. Samningur um land

Á fundinn mætti Magnús Ólafsson fasteignasölunni Domus en samið hefur verið við hann að hafa milligöngu milli landeigenda og stjórnar Norðurár bs. um leigusamning um land. Fram kom að Magnús hefur átt viðræður við landeigendur og leitað eftir mögulegum samningagrunni hjá báðum aðilum. Magnús mun halda áfram að vinna að málinu og hafa til hliðsjónar þau sjónarmið sem fram komu á fundinum.

4. Ársfundur

Rætt var um möguleika á að halda ársfund byggðasamlagsins. Ákveðið að stefna á fund í 3. viku 2009. Gunnar Bragi tók að sér að undirbúa fundinn með gerð fjárhagsáætlunar miðað við almennan rekstrarkostnað. Ef áætlanir um fjárfestingar eða langtímaskuldbindingar liggja fyrir verða þær teknar til afgreiðslu en annars verði boðað til sérstaks fundar um þær.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 12.00

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson

Vignir Kjartansson